STJÓRNARTÍÐINDI B 100 – 2005

Nr. 752 1656 15. ágúst 2005

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 397/2003 um leigubifreiðar.

1. gr.

II. liður 1. mgr. 4. gr. orðist svo:

II. Reykjanesbær, Grindavík, Miðnes-, Gerða- og Vatnsleysustrandarhreppi. Hámarkstala er 41 atvinnuleyfi.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 134/2001, um leigubifreiðar, öðlast þegar gildi og staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Reglugerð þessi gildir til 1. október 2005 er reglugerð nr. 259/2005 tekur gildi.

Samgönguráðuneytinu, 15. ágúst 2005.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.

Nr. 753 16. ágúst 2005

GJALDSKRÁ

fyrir gæðamat á æðardúni.

1. gr.

Dúnmatsmenn skulu fá greidda þóknum fyrir gæðamat á æðardúni sem hér segir:

Grunngjald fyrir hverja heimsókn/útkall kr. 3.000.

Auk grunngjalds reiknast kr. 150 fyrir hvert metið kíló af fullhreinsuðum æðardúni.

2. gr.

Þurfi dúnmatsmenn að aka sérstaklega á matsstað, skulu þeim greiddir aksturspeningar í samræmi við auglýsingu nr. 1/2005 frá 25. maí 2005, um akstursgjald ríkisstarfsmanna.

Gutenberg